

## FUNDARSKÖP

### bæjarstjórnar Ísafjarðar.

#### 1. gr.

Rétt til setu á fundum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar eiga 9 kjörnir bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, sé hann ekki jafnframt bæjarfulltrúi. Varafulltrúar taka sæti í forföllum aðalfulltrúa eftir gildandi reglum. Eigi getur bæjarfulltrúi tekið sæti annars á sama fundi, nema um framlengingu fundar sé að ræða.

#### 2. gr.

Sá bæjarfulltrúi, sem flest atkvæði fékk við almennar bæjarstjórnarkosningar, kveður hina nýkjörnu fulltrúa til fundar fyrsta miðvikudag að kosningu lokinni. Á þeim fundi kys bæjarstjórn sér úr flokki fulltrúanna fyrst forseta og tvo varaforseta og síðan tvo skrifara. Að því búnu skal bæjarstjóri kosinn.

Bæjarstjóri boðar annars til bæjarstjórnarfunda, en forseti stjórnar þeim, og sér um að allt fari fram í góðri reglu og að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina. Skytt er fundarmönnum að hlýða úrskurði forseta um allt, er snertir fundarreglur.

Úrskurði forseta má skjóta til bæjarstjórnarinnar.

Fundarritari heldur gerðabók undir umsjón skrifara og forseta og getur í henni mála þeirra, sem rædd eru á fundum og úrslita þeirra. Skrifarar telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Störfum skipta skrifarar milli sín, eftir samkomulagi við forseta. Í fundarlok skal gerðabók upplesin og undirskrifuð af forseta, skrifurum og öllum öðrum viðstöddum bæjarfulltrúum og bæjarstjóra. Þó eiga fundarmenn rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

#### 3. gr.

Fundir bæjarstjórnar eru tvenns konar, reglulegir fundir og aukafundir.

Reglulegir fundir skulu haldnir tvisvar í mánuði hverjum, hinn fyrsta og þriðja miðvikudag mánaðarins. Farist reglulegir fundir fyrir vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal fund halda einhvern hinna næstu virku daga á eftir. Reglulegir fundir byrja kl. 8 eftir hádegi og standa svo lengi sem dagskrá endist, nema bæjarstjórn samþykki að fresta þeim.

Aukafundi skal halda svo oft, sem bæjarstjóra þykir þörf vera á þeim stað og stund, sem hann ákveður. Bæjarstjóri skal og jafnan boða til aukafundar, ef þrír bæjarfulltrúar óska þess.

#### 4. gr.

Bæjarstjóri má ekki taka neitt erindi á dagskrá reglulegs fundar, nema það sé komið til hans á hádegi næsta virkan dag fyrir fund. Skal hann þó í síðasta lagi kl. 4 e. h. hinn næsta virkan dag fyrir fund hafa sent öllum fulltrúunum dagskrá, er greini þau erindi, sem fyrir fundinn eiga að koma.

Þegar lagðir eru fram gerðir fastra nefnda bæjarstjórnarinnar, en það skal gert nema nefnd sérstaklega ákveði annað og bæjarstjóri samþykki, skal útdráttur úr fundargerðum fylgja dagskránni. Dagskráin skal fest upp að minnsta kosti á fimm stöðum víðs vegar um bæinn.

Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki  $\frac{2}{3}$  þeirra, sem á fundi eru. Hverjum fulltrúa er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá næsta almenns fundar, en skytt er að gera það skriflega tveim dögum fyrir fund.

## 5. gr.

Bæjarstjóri ákveður dagskrá. Röð mála á dagskrá getur bæjarstjórn breytt með ályktun sinni, svo og fellt mál af dagskrá.

216

27. des.

## 6. gr.

Fundir bæjarstjórnar skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir, og mega því hvorki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun út af því, sem á fundi gerist. Brjótí nokkur á móti þessu, getur forseti látið visa honum út, og ef þörf er á látið ryðja salinn.

Bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust, með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Enginn bæjarfulltrúi má skýra frá umræðum eða atkvæðagreiðslum í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum, nær þetta einnig til bæjarstjóra.

## 7. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal snúa sér til forseta og leyfir hann venjulega fulltrúunum að taka til máls í þeirri röð, sem þeir æskja þess. Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir sjálfan hann. Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður forseti í hverri röð fulltrúar skuli taka til máls.

## 8. gr.

Bæjarstjóri og flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala eins oft og þeir vilja. Aðrir mega ekki tala oftari en tvisvar í hverju máli á sama fundi. Þó er heimilt að biðja sér hljóðs til að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt, meðan hann flytur ræðu sína.

## 9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við málefnið, og varast að meiða menn eða hafa ósæmileg orð. Nú bregður út af þessu, og skal forseti víta það og nefna ummælin. Nú er fulltrúi eða bæjarstjóri víttur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

## 10. gr.

Bæjarstjóri og sérhver bæjarfulltrúi hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingaringartillögur við það málefni, sem er til umræðu. Þyki forseta nauðsynlegt fyrir glöggvunar sakir, getur hann krafizt, að tillaga sé borin fram skriflega, en þá skal hann veita nægilegan frest til að semja hana.

## 11. gr.

Ef umræður dragast um skör fram, getur forseti, bæjarstjóri, eða sérhver fulltrúanna stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust.

## 12. gr.

Ekki má bæjarstjórn gera ályktun um nokkurt mál, nema meira en helmingur bæjarfulltrúanna séu á fundi og greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Séu atkvæði jöfn, telst ályktunin fallin, en um kosningar ræður þó hlutkesti.

Skylt er hverjum bæjarfulltrúa að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmat forföll.

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og bæjarfulltrúi greiðir ekki atkvæði,

**216** og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en  
 27. des. fulltrúi getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði bæjarstjórnarinnar.

Enginn má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín eða í máli, sem varðar hægsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Sker bæjarstjórn umræðulaust úr því, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

### 13. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur bæjarstjórn, ef þrír bæjarfulltrúar krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og framsögumaður eða flutningsmaður mega hver um sig taka einu sinni til máls, áður en til atkvæðagreiðslu er gengið um það. Krefjast má fulltrúi þess eða bæjarstjóri, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

### 14. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að hver fulltrúi réttir upp hægri hönd sína. Nafnakall skal viðhafa, er þrír fulltrúar æskja þess, eða tveir fulltrúar og bæjarstjóri, áður en atkvæðagreiðsla fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir forseti síðastur atkvæði.

### 15. gr.

Auk fastra nefnda, sem bæjarstjórn kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í hvert mál sem er á dagskrá. Kosningar í nefndir skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal hlutfallskosningu beitt á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

### 16. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Sé eigi sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, er flest fékk atkvæði við nefndarkosningu og skal þá kjósa formann. Boðar hann síðan nefndarfundi og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum, kýs hún einn nefndarmann sem framsögumann. Minni hlutar nefndar hafa framsögurétt.

### 17. gr.

Skyldur er hver bæjarfulltrúi að taka við kosningu í nefndir.

### 18. gr.

Bæjarstjóri sér um afgreiðslu allra mála, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar, og hefur hann framkvæmd á öllum þeim málum, sem eigi eru sérstaklega falin einstökum mönnum eða nefndum.

### 19. gr.

Skrá yfir allar fastar nefndir skal jafnan hanga í fundarsalnum.

### 20. gr.

Ef vafi leikur á því, hvernig skilja beri fundarsköp þessi, sker bæjarstjórn úr því.

### 21. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna.

### 22. gr.

Til breytinga á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluti atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

Fundarsköp þessi, sem bærstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, eru hér með staðfest til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948. Jafnframt er úr gildi numinn II. kafli samþykktar um fundarsköp bærstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, frá 24. janúar 1930. 216 27. des.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1947.*

**F. h. r.**

**Jónas Guðmundsson.**

*Gisli Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Efstabæjarsystkina“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 31. desember 1947. 217 31. des.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Efstabæjarsystkina.

### 1. gr.

Til sjóðs þessa var efnt á nitugasta afmælisdegi Herdísar Sigurðardóttur á Varmalæk til minningar um hana og systkin hennar, og skal sjóðnum varið til menningarauka með niðjum þeirra. Er honum einkum ætlað að styrkja efnilega menn úr þeim hópi til náms.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu það vera skólastjóri héraðsskólans í Reykholti og 2 menn, karl og kona, sem þeir af niðjum Sigurðar Vigfússonar í Efstabæ, sem lagt hafa sjóðnum fé, kjósa úr sínum hópi til 5 ára í senn, í fyrsta sinn fyrri hluta ársins 1948. Verk stjórnarinnar er:

1. Að vinna að viðgangi sjóðsins og sjá um geymslu hans,
2. að ákveða styrkveitingar úr sjóðnum.

### 3. gr.

Skipulagsskrá þessa skal endurskoða fyrir árslok 1957 og sér stjórn sjóðsins um, að það verði gert. Til að setja nýja skipulagsskrá þarf samþykki meiri hluta þeirra manna, er samkvæmt 2. gr. hafa rétt til að kjósa stjórn sjóðsins.

Reykjavík, 22. desember 1947.